

S é r a t k v æ ð i**Magnúsar P. Torfasonar hæstaréttardómara.**

Áfrýjandinn Matthías Einarsson andmælti því fyrir uppboðsrétti að hið umbeðna uppboð næði fram að ganga. Tók fógæti ágreining um það til úrskurðar 3. september 1986. Hann kvað upp úrskurð sinn án forsendna 11. sama mánaðar.

Ekki verður séð að fógæti hafi leiðbeint áfrýjandanum Matthías, sem er ólöglærður, um að hann gæti krafist þess að forsendur fylgdu ályktarorði úrskurðarins sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1986, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981. Er ég því samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda um að ómerkja hinn kærða úrskurð og vísa málinu heim í hérað svo og um að málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

Mánudaginn 14. desember 1987.

Nr. 69/1987. **Þórshöll hf.**

(Hjalti Steinþórsson hdl.)

gegn

Önnu Vilhjálmsdóttur

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Verksamningar. Riftun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramannir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmaður.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. febrúar 1987. Félagið krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefnda krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig að frá 14. apríl 1987 verði dæmdir þeir dráttarvextir sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Stefnda krefst einnig málskostnaðar fyrir Hæstarétti auk sérstaks söluskatts.

Í héraðsdómi er að finna samning þann, sem aðilar máls þessa gerðu 19. ágúst 1985. Sýknukrafa áfrýjanda er á því byggð, að stefnda hafi vanefnt samninginn og riftun án áminningar hafi verið lögmæt, en til vara, að áminning hafi verið veitt. Er á það bent í fyrsta lagi af hálfu áfrýjanda, að stefnda hafi án þess að tilkynna um forföll verið frá vinnu í 2 vikur í október 1985. Þá hafi hún komið svo seint til vinnu 28. desember, að orðið hafi að aflýsa því skemmtiatriði, sem hún átti að koma fram í. Fallast verður á það með stefndu, að fjarvistir hennar í október og atvik, sem þeim eru tengd, skipti ekki máli um úrslit ágreiningsins, sem hér er til umfjöllunar, enda var stefndu engin áminning veitt vegna fjarvistanna. Stefnda kom of seint til vinnu 28. desember, en á það verður að fallast með héraðsdómara að ósannað sé, að henni hafi verið veitt áminning þess vegna, svo sem gera átti, ef áfrýjandi vill nú byggja á því, að þessi vanefnd leiði til þess að uppsögn hafi verið heimil. Samkvæmt skýru ákvæði í 5. gr. 2. mgr. samningsins frá 19. ágúst 1985 átti áminning að vera undanfari riftunar, og stóð áfrýjandi ekki að uppsögn samningsins við stefndu í samræmi við það. Ber því að staðfesta héraðsdóm um það, að stefnda eigi rétt á bótum frá áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur krafist lækkunar þeirrar bótafjárhæðar, sem dæmd var í héraðsdómi. Byggir félagið bæði á því, að upphæðin sé miðuð við að stefnda hefði komið oftár fram en raun hefði getað á orðið vegna páskalokunar veitingahússins, og á því, að lækka beri bætur vegna þess, að hluti umsaminnar þóknunar hafi verið vegna kostnaðar sem stefnda hafi eins og á stóð ekki þurft að bera.

Aðilar eru sammála um, að þóknun til stefndu fyrir hverja helgi, sem hún hefði komið fram, ef samningum hefði ekki verið rift, hefði numið 8.987,65 krónum alls. Byggja verður á því, eins og gert er í héraðsdómi að stefnda hefði komið fram um 16 helgar það sem eftir var samningstímans, en þóknun fyrir það hefði verið 143.802,40 krónur alls. Stefnda mótmælir því, að samið hafi verið um eða um það talað að 3.814,90 krónur af þóknuninni fyrir hverja helgi hafi verið kostnaður. Í samningnum segir, að endurgjald til stefndu skuli vera hið sama og hljómsveitarmennn í tiltekinni

hljómsveit fengu greitt. Fram er komið, að á launareikningi þessara manna er greint á milli launa og kostnaðar með þeim hætti, sem áfrýjandi vill nú gera. Samningur aðila þessa máls var hins vegar eigi glöggur um, hvort þóknun stefndu skyldi miðuð við heildarþóknun til hljómlistarmanna án sundurliðunar til hennar í laun og kostnað. Hún hefur og til vara byggt á því, að kostnaður hennar hafi verið verulegur og að mestu hafi hún þurft að greiða hann fyrir allt vinnutímabilið áður en hún hóf störf hjá áfrýjanda haustið 1985. Áfrýjandi hlýtur að bera hallann af því, að samningurinn var óglöggur og af því, að sú málsástæða, sem stefnda hefur haft uppi til vara og er sennileg, hefur ekki verið hrakin. Fallast ber á það með héraðsdómara að ekki séu efni til að sinna þeirri kröfu áfrýjanda, að til frádráttar komi þóknun, sem stefnda fékk frá öðrum fyrir að koma fram á skemmtunum 4 sinnum frá áramótum til maímánaðar 1986, enda ósannað, að það hefði haft áhrif á vinnu hennar í þágu áfrýjanda.

Stefnda hefur ekki gagnáfrýjað og verður héraðsdómur staðfestur að því er bótafjárhæð varðar, sbr. þó dómsorð að því er vexti varðar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu 46.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá tekið tillit til sérstaks söluskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig að frá 14. apríl 1987 til greiðsludags greiði áfrýjandi stefndu þá dráttarvexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 14. gr. sömu laga.

Áfrýjandi, Þórshöll hf., greiði stefndu, Önnu Vilhjálmsdóttur, 46.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. nóvember 1986.

Mál þetta sem dómtekið var 27. október sl. höfðaði Anna Vilhjálmsdóttir, nnr. 0386-3107, Hellubraut 1, Hafnarfirði, gegn Þórshöll hf., nnr. 9722-9686, Brautarholti 20, Reykjavík, með þingfestingu málsins 29. apríl 1986.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 343.802,40 með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, en til vara að stefndi verði dæmdur til að greiða henni aðra fjárhæð lægri að mati dómsins með dómvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða henni málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmd til þess að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins. Til vara krefst stefndi þess að kröfur stefnanda verði lækkaðar mjög verulega og stefnandi dæmd til að greiða honum málskostnað eða a.m.k. að málskostnaður verði felldur niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Hinn 19. ágúst 1985 undirrituðu stefnandi og Ragnar Björgvinsson f.h. stefnda verksamning.

Þær greinar verksamningsins sem hér skipta máli eru svohljóðandi:

„1. gr.

Verksali tekur að sér að sjá um skemmtidagskrá á dansleikjum í veitingahúsi verkkaupa (Þórscafé) ásamt þremur öðrum skemmtikröftum.

2. gr.

Sem endurgjald fyrir þjónustu verksala greiðir verkkaupi kr. sama og Þónik á viku miðað við 2 kvöld í viku.

Innifalið í ofangreindum verklaunum samkvæmt 1. mgr. eru allar orlofs-greiðslur til verksala og einnig öll veikindalaun sem um getur orðið að ræða. Ef um siendurtekin eða veruleg veikindi er að ræða er verkkaupa heimilt að skerða greiðslur hlutfallslega.

5. gr.

Verksali skal sýna fyllstu reglusemi og halda reglur hússins í hvívetna. Gerist verksali brotlegur í starfi skal veita honum áminningu en við ítrekað brot getur Þórshöll h.f. krafist þess að samningi þessum verði rift.

6. gr.

Samningur þessi gildir fyrir tímabilið 20. september 1985 til 1. maí 1986 að báðum dögum meðtöldum og er um að ræða vinnu á föstudags- og laugardagskvöldum. Verkkaupi hefur rétt til að framlengja samningstímann um eina viku með óbreyttum kjörum.“

Frá upphafi samningstímabilsins og fram í desember var um að ræða tvær skemmtidagskrár í veitingahúsinu og kom stefnandi fram í þeim

báðum. Að hennar sögn byrjaði hin fyrri, sem kölluð var „5 stjörnukvöld“ kl. 10 til 10:30 eftir því hvernig aðsókn var og hvernig á stóð hjá matargestum, en hin síðari kl. 12 til 12:30. Í byrjun desember var fyrri dagskráin felld niður. Þá var samt enn ráðgert að hafa áfram tvær dagskrár, þó þannig að þar kæmu aðeins fram stefnandi og söngvarinn Einar Júlíusson. Fyrri dagskráin átti að byrja kl. 11:00 en hin síðari kl. 1:00 eftir miðnætti, að sögn stefnanda.

Af fyrri dagskránni varð ekki og segir stefnandi ástæðurnar hafa verið tvær, dræma aðsókn að veitingahúsinu og eins hafi hljómsveitin Pónik ekki nennt að æfa nýja dagskrá með þeim Einari. Dagskrá sú sem þau stefnandi og Einar Júlíusson höfðu haft hélt áfram og segir stefnandi hana hafa byrjað um kl 1:00 til 1:15 eftir miðnætti.

Í greinargerð stefnda er því lýst að ástæða þess að fyrri dagskráin hafi verið felld niður hafi verið dræm aðsókn að veitingastaðnum. Þessi ákvörðun hafi verið tekin fyrir jólin.

Hinn 28. desember var veitingahús stefnda opið. Í greinargerð stefnda segir eftirfarandi um skemmtanahaldið þetta kvöld svo og 1. janúar 1986:

„Þann 28. des. 1985 er stefnandi síðan ekki mætt til vinnu kl. 22:00 eins og henni bar og heldur ekki þegar fyrri skemmtidagskrá kvöldsins á að hefjast. Er því nauðsynlegt að fella dagskrána niður þrátt fyrir ágætis aðsókn um kvöldið. Hið sama gerist þegar síðari dagskráin á að hefjast. Ekkert hafði þó frést frá stefnanda um að hún væri forfölluð og er samt sem áður sínavakt í veitingahúsi stefnda frá kl. 14:00 síðdegis þá daga sem opið er.

Framkvæmdastjóri stefnda bað veitingastjórann Kristin Guðmundsson um að senda stefnanda heim ef hún mætti eftir kl. 01:00 e. miðnætti og jafnframt um að láta hana vita að hún ætti að hafa samband við sig daginn eftir ef hún vildi koma að skýringum á forföllum sínum og halda þar með vinnu sinni.

Stefnandi hafði ekkert samband við stefnda vegna þessa máls og var því ákveðið að segja upp verksamningi aðila og var uppsagnarbréfið sent í ábyrgðarpósti þann 31. des. 1985.

Stefnandi virðist ekki hafa fengið uppsagnarbréfið í tíma þar sem hún mætir til vinnu þann 1. janúar 1986. Það gerir hún þó ekki fyrr en kl. 24:30 e. miðnætti (sic), eða þegar fyrri skemmtidagskrá átti að vera lokið. Framkvæmdastjóri stefnda segir henni þá frá uppsögninni og bendir stefnanda m.a. á að engar skýringar liggi fyrir um forföllin þann 28. des. 1985 og jafnframt að hafi hún talið sig enn í vinnu hjá Þórshöll h.f. hafi henni borið að mæta kl. 10:00 þetta kvöld, þ.e. 1. janúar 1986.

Engar skýringar fengust hjá stefnanda á forföllum hennar þann 28. des.

þetta kvöld, hvað þá skýringar á því hvers vegna hún mætti svona seint að kvöldi þess 1. janúar 1986.“

Eftir að fyrri skemmtidagskráin hafði verið felld niður kvaðst stefnandi hafa mætt til vinnu miðað við það að síðari skemmtidagskráin byrjaði kl. 1:00 eftir miðnætti. Hinn 28. desember hefði hún hins vegar ekki getað mætt fyrr en kl. 1:25 eftir miðnætti og því mætt of seint. Ástæðan hafi verið sú að um daginn hefði hún flutt búferlum frá Keflavík til Hafnarfjarðar. Hún hafi engan síma haft og því ekki getað látið vita af því að hún yrði sein fyrir. Hún hefði þó tekið þann kostinn að mæta til vinnu þótt seint væri fremur en að láta ekkert í sér heyra. Stefnandi kvað þá Kristin Guðmundsson, þáverandi veitingastjóra stefnda, hafa komið að máli við sig og tjáð sér að ekki yrði af skemmtidagskránni og hefði hann ekki gefið sér aðrar skýringar á því en að þetta væru skilaboð frá Ragnari Björgvinsyni, framkvæmdastjóra stefnda. Kristinn hefði sagt að stefnandi væri allt of sein til vinnu og of seint væri að halda skemmtidagskrána. Kristinn hefði ekki minnst á að stefnandi ætti að tala við Ragnar Björgvinsson.

Kristinn Guðmundsson kom fyrir dóminn og skýrði frá því að hann hefði komið að máli við stefnanda í búningsherbergi hennar þetta kvöld og tjáð henni að skemmtidagskráin félli niður en þetta hefði Ragnar Björgvinsson bedið sig að gera. Kristinn kvaðst ekki hafa gefið stefnanda neina áminningu, það hefði ekki verið í sínum verkahring. Kristinn kvaðst ekki minnst þess að hann hefði sagt stefnanda að hún ætti að hafa samband við Ragnar Björgvinsson.

Kristinn kvað misjafnt hafa verið á hvaða tíma skemmtiatriðin í veitingahúsinu hefðu byrjað, yfirleitt hefði það þó verið fyrir miðnætti.

Hinn 31. desember 1985 ritaði Ragnar Björgvinsson f.h. stefnda stefnanda svohljóðandi bréf:

„Vegna brota yðar á ákvæðum verksamnings við Þórshöll h.f. er yður hér með sagt upp störfum frá og með 1. janúar 1986 að telja. Uppsögn þessi er send yður í ábyrgðar- og hraðbréfi.“

Stefnanda var sent bréf þetta til Keflavíkur en þaðan var hún flutt eins og fyrr er getið. Hún fékk því ekki bréfið í hendur fyrr en eftir nokkurn tíma.

Stefnandi kvaðst hafa mætt til vinnu sinnar kl. 24:30 eftir miðnætti 1. janúar 1986, en það hefði verið næsti vinnudagur hennar eftir 28. desember 1985. Stefnandi kvaðst hafa miðað mætingu sína við það að skemmtidagskráin á þessum tíma hefði byrjað kl. 1:00 eftir miðnætti eða jafnvel seinna. Stefnandi kvaðst engar fyrirskipanir hafa fengið um það að vera mætt kl. 10:00. Í þetta sinn hefði Ragnar Björgvinsson komið að máli við sig og sagt sér að ekkert yrði af skemmtidagskránni og hún væri rekin. Hann hefði sent henni bréf um það til Keflavíkur. Stefnandi kvaðst hafa spurt Ragnar

um ástæðuna og hefði hann sagt hana þá að hún hefði mætt of seint, hún ætti að vera mætt kl. 10:00 eins og þegar fyrri skemmtidagskráin var haldin.

Stefnandi kvaðst enga áminningu hafa fengið í starfi aðra en þá að Kristinn Guðmundsson hefði sagt sér 28. desember 1985 að hún mætti of seint til vinnu.

Einar Júlíusson söngvari, sem kom fram með stefnanda, kvað stefnanda ætíð hafa mætt tímanlega, en stundum hefði hún verið forfölluð vegna veikinda.

Með bréfi dags. 10. janúar 1986 krafði lögmaður stefnanda stefnda um bætur fyrir fyrirvaralausan brottrekstur úr starfi. Því bréfi svaraði lögmaður stefnda með bréfi dags. 17. janúar 1986 og synjaði bótakrafna.

Stefnandi kvaðst hafa reynt að fá vinnu eftir áramótin við að skemmta en það ekki tekist nema hún hefði skemmt í fimm kvöld á veitingastaðnum Skálafelli. Þar hefði hún skemmt á öðrum tíma en þegar hún vann hjá stefnda. Upplýst hefur verið í málinu að fyrir vinnu sína á veitingastaðnum Skálafelli fékk stefnandi greiddar kr. 18.850,00. Stefnandi kvað erfitt hafa verið að fá vinnu á þessum tíma við að skemmta þar sem allir skemmtistaðir hefðu verið komnir í fullan gang. Stefnandi kvaðst ekki geta nefnt dæmi þess að henni hefði verið neitað um vinnu vegna þess að henni hefði verið sagt upp störfum hjá stefnda.

Á þeim tíma sem um ræðir í þessu máli var stefnandi í fullu starfi annars staðar.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að hún hafi gert ákveðinn verksamning við stefnda þess efnis að sjá um skemmtidagsrák á veitingahúsi stefnda. Fyrir þetta hafi stefnandi átt að fá ákveðna greiðslu fyrir hverja helgi, þ.e. föstudags- og laugardagskvöld. Sú greiðsla hafi ekki verið sundurliðuð í laun og kostnað, en í henni hafi verið innifalin greiðsla á orlofi og veikinda-launum.

Stefnandi hafi staðið við verksamninginn að öllu leyti. Í desembermánuði hafi orðið á sú breyting að í stað þess að skemmtidagskrár hafi verið tvær hafi hin fyrri verið felld niður en síðari haldið áfram. Stefnandi hafi því getað mætt síðar til vinnu sinnar en fyrr og hafi það með öllu verið látið átölulaust af hálfu stefnda.

Af óviðráðanlegum ástæðum hafi stefnandi ekki getað mætt til vinnu sinnar fyrr en kl. 1:25 28. desember 1985 og hafi henni þá verið tilkynnt að skemmtidagskráin félli niður án nokkurra skýringa. Hún hafi enga áminningu fengið hvorki þá né síðar. Þótt stefnandi hafi í þetta eina skipti mætt of seint til vinnu sinnar sé sú vanefnd verksamnings aðila svo smávægileg að ekki geti leitt til riftunar. Samkvæmt 5. gr. verksamningsins beri að veita verksala áminningu gerist hann brotlegur í starfi og við ítrekað

brot geti verkkaupi krafist þess að samningnum verði rift. Þessu hafi ekki verið til að dreifa, brottrekstur stefnanda sé því ólögmætur og leiði til þess að stefnda beri skylda til að greiða stefnanda skaðabætur. Stefnandi hafi átt eftir að vinna 16 helgar af samningstímabilinu og kaup hennar hafi verið kr. 8.987,54 fyrir hverja helgi og sé því samtals um að ræða kr. 143.802,40. Þá fjárhæð beri stefnda að greiða stefnanda í skaðabætur. Þá geri stefnandi kröfu til þess að fá greiddar kr. 200.000,00 í miskabætur. Harkalegur og fyrirvaralaus brottrekstur stefnanda hafi svert nafn hennar í skemmtanaíðnaðinum sem sé þröngur hér á landi. Það minnki starfslíkur stefnanda verulega að hafa orðið að sæta þessari meðferð. Tekjumöguleikar stefnanda hafi minnkað verulega þar sem hún hafi ekki fengið nein atvinnutilboð í skemmtanaíðnaðinum síðan þetta hafi gerst þrátt fyrir tilraunir hennar til þess að fá sambærilegt starf á svipuðum launum. Þetta hafi valdið mikilli röskun á stöðu og högum stefnanda auk andlegrar vanlíðunar og óþæginda.

Hér skipti ekki máli þótt stefnandi hafi haft lítils háttar vinnu í veitingahúsinu Skálafelli. Þá vinnu hafi hún innt af höndum á allt öðrum tíma en þeim sem hún hefði unnið hjá stefnda ef ekki hefði komið til brottreksturs.

Af hálfu stefnda er á því byggt að honum hafi verið heimilt að rifta verksamningi aðila vegna brota stefnanda á því að vinna hið umsamda verk.

Brot stefnanda hafi verið í því fölginn að hinn 28. desember 1985 hafi hún mætt kl. 1:25 eftir miðnætti sem hafi verið allt of seint og ekkert látið vita af forföllum. Stefnanda hafi borið að mæta til vinnu sinnar kl. 10:00. Því hafi stefndi orðið að fella niður auglýsta skemmtidagskrá það kvöld fyrirvaralaust, en gestir hafi verið búnir að greiða hærri aðgangseyri vegna hennar. Stefndi hafi öðlast rétt til þess að rifta samningnum vegna þessa brots, en búferlaflutningar stefnanda geti ekki talist lögmæt forföll.

Hinn 1. janúar 1986 hafi stefnandi mætt til vinnu kl. 24:30 í stað kl. 10:00 eins og henni hafi borið skylda til og hefði því átt að gera ef hún taldi sig bundna af samningi aðila.

Það sé augljóst að fullnægjandi ástæður fyrir brottvikningu stefnanda hafi a.m.k. legið fyrir þegar hún hafi mætt of seint tvisvar í röð.

Því er mótmælt af hálfu stefnda að honum hafi samkvæmt verksamningi borið að veita stefnanda áminningu áður en riftun hans gæti farið fram. Sú áminning sem um sé getið í verksamningnum eigi aðeins við þegar um brot á húsreglum stefnda sé að ræða.

Fari svo að stefnandi verði talinn eiga rétt á bótum úr hendi stefnda eigi þær ekki að vera hærri en kr. 5.172,75 fyrir hverja helgi sem eftir hafi verið af samningstímabilinu sem hafi verið 16 helgar. Stefnandi hafi átt

að fá sama kaup og meðlimir hljómsveitarinnar Pónik. Laun þeirra hafi verið þessi fjárhæð fyrir hverja helgi. Að auki hafi þeir fengið greiddar kr. 3.814,90 í kostnað. Stefnandi hafi engan kostnað borið eftir að störfum hennar lauk hjá stefnda og eigi því ekki rétt á þeim greiðslum.

Þá eigi að draga frá bótafjárhæð þau laun sem stefnandi hafi fengið hjá öðrum á árinu 1986 fram til 1. maí fyrir að skemmta.

Ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir nokkrum miska, og skilyrði til miskabóta skorti samkvæmt 264. gr. laga nr. 19/1940.

Niðurstæða dómsins.

Fyrir er rakið að stefnandi og stefndi gerðu með sér verksamning 19. ágúst 1985. Þar er ekki kveðið á um hvenær stefnanda bar að mæta til vinnu þau kvöld er hún skemmti á veitingastað stefnda. Það hefur ekki skýrst fyllilega undir rekstri málsins. Stefnandi hefur lýst því að við það hafi verið miðað að fyrri skemmtidagskráin hæfist kl. 10 - 10:30 þegar hún var haldin, en hin síðari kl. 12 - 12:30.

Fyrirverandi veitingastjóri stefnda taldi að skemmtiatriði hefðu átt að fara fram á tímanum frá kl. 10 - 12:00.

Stefnandi telur að á þeim tíma er aðeins var um að ræða eina skemmtidagskrá, þ.e. frá byrjun desember, hafi hún ekki getað byrjað fyrir en kl. 1:00 eftir miðnætti, því að um þetta leyti hafi fólk ekki sótt veitingahúsið fyrir en svo seint. Stefndi heldur því fram að stefnanda hafi engu að síður borið að mæta til vinnu kl. 10:00.

Upplýst er að stefnandi mætti til vinnu kl. 1:25 eftir miðnætti 28. desember 1985 og viðurkennir hún að hafa þá mætt of seint. Skemmtidagskráin var þá felld niður og í framhaldi af því ritaði stefndi stefnanda bréf þar sem hann rifti framangreindum verksamningi þeirra. Sú riftun komst ekki til vitundar stefnanda fyrir en hún kom til vinnu 1. janúar 1986. Þann dag mætti stefnandi kl. 12:20 eða 12:30 eftir miðnætti og var þá tjáð af framkvæmdastjóra stefnda að verksamningnum væri rift.

Mætingu stefnanda 28. desember 1985 telur stefndi vera brot á verksamningi þeirra stefnanda sem hafi heimilað honum riftun hans, en við þá heimild bætist að stefnandi hafi mætt of seint til vinnu 1. janúar 1986.

Svo sem fyrir er rakið er ekki fyllilega upplýst hvenær stefnanda bar að mæta til vinnu samkvæmt verksamningi aðila. Stefnandi hefur sjálf viðurkennt að hafa mætt of seint 28. desember 1985. Hún telur hins vegar að mæting sín 1. janúar 1986 hafi verið á eðlilegum tíma, a.m.k. miðað við það hvenær skemmtidagskráin gat hafist.

Þótt svo kunni að vera að verksamningur aðila hafi staðið til þess að stefnandi mætti til vinnu kl. 10:00 og þá einnig í skiptin tvö, þ.e. 28. desember 1985 og 1. janúar 1986, þykir það ekki breyta því að riftun stefnda á verksamningi

ingnum verður að teljast ólögmaet þegar af þeirri ástæðu að ekkert er komið fram um að stefndi hafi áður áminnt stefnanda vegna brota í starfi, eins og skýrt er kveðið á um í 2. mgr. 5. gr. sammingsins. Af þessum sökum verður að telja að stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefnda, en óumdeilt er að stefnandi varð fyrir tekjutapi vegna riftunarinnar.

Bætur fyrir fjárhagslegt tjón stefnanda þykir rétt að miða við þau laun sem hún hefði fengið það sem eftir lifði samningstímans. Þeirri viðmiðun er ekki mótmælt af hálfu stefnda á annan hátt en þann, að hann telur greiðslur hafa skipst í laun og kostnað og kostnað eigi stefnandi ekki að fá bættan þar sem hún hafi ekki þurft að greiða kostnað á þessum tíma, t.d. ferðakostnað. Á þetta verður ekki að öllu leyti fallist þar sem ekki hefur verið sýnt fram á það að skipting launa hljóðfæraleikara í hljómsveitinni Pónik, sem laun stefnanda voru miðuð við, hafi í raun miðaðst við það hver hluti þeirra rann til þess að greiða kostnað sem þeir höfðu af starfi sínu, né heldur að upplýst hafi verið nægjanlega hvern kostnað stefnandi hefði hugsanlega þurft að bera af starfi sínu til enda samningstímabilsins. Augljóst er þó að stefnandi hefur ekki þurft að greiða ferðakostnað. Þá þykja greiðslur þær er stefnandi fékk fyrir það að skemmta á veitingastaðnum Skálafelli ekki skipta máli hér þar sem sú vinna mun ekki hafa verið unnin á þeim tíma sem stefnanda bar að vinna hjá stefnda samkvæmt samningi þeirra.

Með þetta í huga og önnur þau atriði sem hér skipta máli þykja bætur sem stefndi greiði stefnanda fyrir fjártjón hennar hæfilega ákveðnar kr. 140.000,00.

Stefndi hefur mótmælt miskabótakröfu stefnanda sérstaklega.

Stefnandi þykir ekki hafa leitt í ljós að hún hafi orðið fyrir miska vegna riftunar sammingsins eða grundvöllur sé fyrir hendi til þess að dæma bætur fyrir miska þótt hann kunni einhver að hafa orðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um greiðslu bóta fyrir miska.

Niðurstaða dómsins er því sú að stefnda ber að greiða stefnanda kr. 140.000,00 í skaðabætur með dómvöxtum frá 29. apríl 1986.

Málskostnaður er stefndi greiði stefnanda þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þórshöll hf., greiði stefnanda, Önnu Vilhjálmisdóttur, kr. 140.000,00 með dómvöxtum frá 29. apríl 1986 til greiðsludags og kr. 40.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.